


Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Dagskrá fundar:

1. Skilgreining á mörkum þjóðgarðsins

Tímalína




1. Skilgreining á mörkum þjóðgarðsins **2.** Setja fram áherslur um skiptingu landssvæða innan þjóðgarðsins í verndarflokka
3. Fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði
4. Greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðapróun og atvinnulíf **5.** Tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlun
6. Tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu **7.** Tillögur að lagafrumvarpi um þjóðgarðinn sem tekur til stjórnskipulags
8. Áætlun um fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu

Mörk þjóðgarðs

Útfærslur


1. Mörk svæðisskipulags miðhálandis
2. Mörk þjóðlendna innan miðhálandislínu
3. Mörk þjóðlendna, friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjasrá á miðhálandinu

Mörk svæðisskipulags miðhálandis




Afmörkun þjóðgarðs á miðhálandinu miðast hér við þá afmörkun miðhálandisins eins og hún var skilgreind í *Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015*, sem staðfest var 1999 og síðar tekin upp í *Landsskipulagsstefnu* sem samþykkt var á Alþingi 2016. Svæðið markast í grunninn af línu sem dregin er á milli heimalanda og afrétta og nær afmörkunin yfir um 40% af flatarmáli landsins. Svæðið er auk þess eitt stærsta samfellda svæðið í Evrópu þar sem ekki er föst búseta. Innan svæðisins eru friðlýst svæði, svæði á náttúruminjasrá, óbyggð víðerni, þjóðlendur og eignalönd.

Mörk þjóðlendna innan miðhálandislínu



Afmörkun þjóðgarðsins miðast hér við það land á miðhálandinu sem er í eigu íslenska ríkisins, þjóðlendurnar. Þar innan eru friðlýst svæði, t.d. Friðland að Fjallabaki, Þjórsárver, Guðlaugstungur og Vatnajökulsþjóðgarður. Einnig eru þar hluti þeirra svæða sem eru á náttúruminjasrá og óbyggð víðerni.

Mörk þjóðlendna, friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjasrá



Afmörkun þjóðgarðsins miðast hér við það land á miðhálandinu sem er í eigu íslenska ríkisins, þjóðlendurnar, auk svæða á náttúruminjasrá, hvort sem þau svæði eru á þjóðlendum eða eignalandi. Innan þessarar afmörkunar eru einnig friðlýst svæði, t.d. Friðland að Fjallabaki, Þjórsárver, Guðlaugstungur og Vatnajökulsþjóðgarður og óbyggð víðerni.

- Tillaga að bókun fyrir nefndarfund 6/11:

Nefndin ræddi svæðismörk fyrirhugaðs þjóðgarðs á miðhálandi. Fyrir liggur landsskipulagsstefna (áður svæðisskipulag miðhálandis) sem skilgreinir mörk miðhálandis Íslands. Nefndin lítur svo á að eðlilegt sé að horfa til lands innan þessa svæðis við umfjöllun um mörk þjóðgarðsins. Í fyrstu umferð sérstaklega þann hluta miðhálandisins og svæða við jaðra þess sem er í þjóðar-/ríkiseign, þ.e. þjóðlendur og ríkisjarðir og friðlýst svæði. Mikilvægt er að umræða og ákvörðun um mörk þjóðgarðsins verði tekin m.t.t. þeirrar ólíku stöðu sem uppi er annars vegar með land í þjóðar-/ríkiseign, þar á meðal jarða í ábúð og samráð við ábúendur þeirra. Hins vegar land í einkaeigu eða eigu sveitarfélaga. Þannig telur nefndin brýnt að þar sem land er ekki í þjóðareign verði áhugi á samstarfi um mótun þjóðgarðs kannaður.

Að fengnum athugasemdum, m.a. í kjölfar kynningarfunda nefndarinnar í haust, telur nefndin rétt að leita frekara samráðs við sveitarfélög og hagaðila á hverju svæði um mörk þjóðgarðsins. Þannig verði rætt við þau um þjóðgarðsmörkin en í samhengi við verndarflokkun innan þjóðgarðs og þá m.t.t. þeirrar landnýtingar sem mikilvægt er að gæta að innan fyrirhugaðs þjóðgarðs.

Verkefnastjóra og formanni er falið að vinna málið áfram í samráði við og með þátttöku nefndarmanna eftir því sem aðstæður leyfa. M.a. með því að funda eftir þörfum með þeim sveitarfélögum og hagaðilum sem þarf. Stefnt verði að því að tillaga að svæðismörkum muni verða gerð m.t.t. þessa samráðs og þá rædd innan nefndar samhliða umræðu um verndarflokkun.